

Fimmtudaginn 21. október 1993.

Nr. 250/1991. **Eygló Jónsdóttir**

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

Vélinni sf.

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Fjármán úr gildi fellt. Samningur. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnum 14. júní og 4. október 1991. Hún krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hún sýknuð af öllum kröfum stefnda og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Fyrir Hæstarétti kom fram ný krafa af hálfu áfrýjanda þess efnis, að málinu yrði vísað frá héraðsdómi og hin áfrýjaða fjárnámsgerð ómerkt.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samningur sá, sem um er fjallað í máli þessu, er ófullkominn og mörg atriði í honum næsta óljós. Samkvæmt orðalagi samningsins eru aðilar hans annars vegar Vélin sf. og hins vegar Jón Hlíðar og Landsþjónustan Álfhóll. Landsþjónustan Álfhóll er einkafirma áfrýjanda, og Jón Hlíðar Runólfsson er eiginmaður hennar. Í þeim kafla samningsins, sem ber fyrirsögnina „Skýringar“, segir, að forsendur samningsins séu, „að Vélin sf. yfirtekur - kaupir eftirfarandi einkaumboð og viðskiptasambönd af Jóni Hlíðari og Landsþjónustunni ...“. Einkaumboð þessi og viðskiptasambönd eru síðan talin upp. Þá segir enn fremur í skýringunum, að „Jón Hlíðar kynnir ofantöldum fyrirtækjum, að hann hafi selt Vélinni sf. Landsþjónustuna Álfhól“. Jón Hlíðar Runólfsson var samkvæmt þessu ekki aðeins aðili að umræddum samningi, heldur tókst hann einn á hendur gagnvart kaupanda efndir hans, að minnsta kosti að

hluta, enda voru umboð þau og viðskiptasambönd, sem seld voru, tengd nafni hans samkvæmt gögnum málsins. Jóni Hlíðari var ekki stefnt til að svara til sakar í máli þessu. Er það svo stórvægilegur galli á málatilbúnaði stefnda, að héraðsdómari hefði átt að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa máli þessu ex officio frá héraðsdómi, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt framansögðu ber að ómerkja fjárnámsgerð þá, sem fram fór í eign áfrýjanda, Sæbólsbraut 26, Kópavogi, 19. ágúst 1991.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Fjárnám, sem stefndi, Vélin sf., lét gera hjá áfrýjanda, Eygló Jónsdóttur, 19. ágúst 1991, er felld úr gildi.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 19. mars 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. október 1990, af Vélinni sf., kt. 570174-1189, Súðarvogi 18, Reykjavík, gegn Eygló Jónsdóttur, kt. 150857-4149, Sæbólsbraut 26, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 102.778 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Af hálfu stefndu eru gerðar þær kröfur, að hún verði algjörlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda [...].

Samkvæmt gögnum málsins gerðu aðilar máls þessa um það samning, sem dagsettur er 28. apríl 1988, að Vélin sf. tæki við einkaumboði og viðskiptasamböndum áamt rekstri á Landsþjónustunni Álfhól. Í samningnum eru einkaumboðin og viðskiptasamböndin tilgreind þessi:

Silette Ltd., Sonic drif., Flexocore U.K. Ltd., Johnsons utanborðs-

mótorar og notaðir utanborðsmótorar frá Russel Simpson Marina Ltd., Taskforce Boats Ltd., Ruggerrini motori s.p.a., Mastep Products Limited, Linwood Electronic. Með í samningnum fylgdi símsvari, ljósritunarvél og skrifborð.

Kaupverð var 400.000 kr., er skyldi staðgreiða.

Í málinu hefur komið fram, að stefnandi greiddi 100.000 kr., en af hans hálfu hefur komið fram, að haldið hafi verið eftir greiðslu, sem á vantaði, þar til fyrir lægi staðfesting á því, að stefnda hefði þau umboð, sem hún seldi stefnanda samkvæmt samningnum. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnda hafi ekki afhent símsvarann og skrifborðið.

Með símskeyti, dags. 5. 6. 1988, tilkynnti stefnandi riftun á kaupunum. Mál þetta hefur stefnandi höfðað til endurgreiðslu á þeim hluta kaupverðs, sem stefnandi hafði innt af hendi til stefndu, 100.000 kr., og til greiðslu á útlögðum kostnaði vegna þýðinga á skjölum, samtals 2.778 kr.

— — —
Af hálfu stefndu var sótt þing, þar til þingsókn féll niður af hennar hálfu í þinghaldi 15. mars sl. Verður málið því dæmt eftir fram komnum kröfum sóknaraðila málsins og að öðru leyti í samræmi við 118. gr. laga nr. 85/1936.

Sóknaraðili þykir hafa sýnt fram á gegn andmælum varnaraðila, að varnaraðili hefur vanefnt umræddan samning á þann hátt, að sóknaraðili mátti rifta honum. Að öðru leyti er kröfum sóknaraðila ómótmælt, og verða kröfur hans samkvæmt þessu því teknar til greina.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 64.740 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Eygló Jónsdóttir, greiði stefnanda, Vélinni sf., 102.778 kr. auk dráttarvaxta, eins og þeir eru á hverjum tíma, af 1.148 kr. frá 5. 5. 1988 til 6. 5. 1988, en af 101.148 kr. frá þeim degi til 10. 5. 1988, en af 102.778 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 64.740 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, ásamt dráttarvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, að liðnum fimmtán dögum frá uppkvaðningu dóms þessa, allt innan fimmtán daga frá birtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.